

Auglýsing um breytingu á Aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2005-2025.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar og Varnarmálastofnun Íslands auglýsa hér með tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2005 - 2025 skv. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Tillagan verður til sýnis á skrifstofum Keflavíkurflugvallar ohf, Flugstöð Leifs Eiríkssonar og hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík frá og með 1. mars 2010 til og með 29. mars 2010. Tillöguna má einnig skoða á vefsíðu Keflavíkurflugvallar ohf, www.kefairport.is.

Breytingin felst einkum í því að skipulagssvæði Keflavíkurflugvallar minnkar, sem nemur svæði C í lögum nr 176/2006 um ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli og auglýsingu nr. 38/2007 um að hluti varnarsvæðisins á Keflavíkurflugvelli skuli tekinn í borgaraleg not, að því marki sem það er innan sveitarfélagamarka Reykjanesbæjar. Einnig er sýnd lega háspennustrengs sem heimilt verður að leggja meðfram Reykjanesbraut á norðausturjaðri svæðisins.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til þess að skila inn athugasemdum er til og með 12. apríl 2010. Skila skal athugasemdum á skrifstofu Keflavíkurflugvallar ohf, Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Hver sá sem eigi gerir athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests telst samþykktur henni.

Keflavíkurflugvelli, 24. febrúar 2010

Guðmundur Björnsson, formaður skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar

Ellisif Tinna Víðisdóttir, forstjóri Varnarmálastofnunar Íslands

Lögbirtingablað

Víkurfréttir

Morgunblaðið.